

Skemmtilegur laugardagur

Laugardaginn 4. desember ætlum við að koma okkur í jólaskap og eiga saman notalega stund á aðventunni. Byrjum í húsi Hákarla Jörundar kl. 14.00 og hlustum á upplestur og söng.

Á eftir verður kaffihlaðborð í Brekku kl. 15.00 – 16.30.

Verð kr. 1.200 og kr. 700 fyrir 6-12 ára.

Kl. 18.00 verður svo kveikt á leiðalýsingu og að venju verður hugvekja í kirkjugarðinum.

Við vonum að sem flestir komi og taki þátt í því sem er í boði fram að jólum. Njótum aðventunnar með gleði og frið í hjarta og eigum saman skemmtilegar stundir fram að jólum.

Fréttabréf Ferðamálafélags Hríseyjar - www.hrisey.net

Ábyrgðarmaður: Stjórnin.



FRÉTTABRÉF

Ferðamálafélags Hríseyjar

KARRINN

Nóvember 2010

4. árgangur 4. tölublað



Hríseyjarfréttir

Ágætu lesendur! Hægt verður að nálgast Karrann á heimasíðunni www.hrisey.net

Hugleiðingar stjórnar.

Þá er fjórði Karrinn kominn í hús og það þýðir bara eitt, jólin nálgast. Að venju reynum við að hafa skemmtilegar og jákvæðar fréttir í blaðinu. Fastir liðir eru einnig með eins og fréttir úr skólastarfinu og að sjálfsgöðu aðventudagatalið okkar. Heilmargir viðburðir eru á aðventunni og er skemmtilegt að segja frá því að flestir þessir viðburðir eru orðnir árlegir og eru vel sóttir og kærkomnir á þessum tíma ársins. Þrátt fyrir árferði í þjóðfélaginu eru íbúar Hríseyjar bara nokkuð bjartsýnir og jákvæðir á framtíðina enda lítið gagn í því að leggjast undir feld þegar á móti blæs.

Óskum Hríseyingum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum árið sem er að líða.

Góðar stundir

Guðrún Kristjánsdóttir
Ingimar Ragnarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Víðir Björnsson
Þorgeir Jónsson
Þröstur Jóhannsson

Hríseyingar eru röskir 300 talsins, sem lifa af sjávarútvegi. Þilfarsbátar eru 10 talsins, frá 8-50 tonn, en auk þess eru gerðir út 5 opnir bátar og svo eru margir opnir vélbátar, sem notaðir eru meira og minna en við getum kallað sunnudagabáta og eru þeir einir 15. Á laugardaginn kom nýr 27 lesta bátur frá Akureyri. Hann heitir Haförn. Eigandi er Jóhann Sigurbjörnsson. Hann fer á snurvoð en síðan á net. Tekjur fólks eru viðunandi. Sex íbúðarhús eru og hafa verið í byggingu tvö síðustu árin.

(Tekið úr Degi miðvikudaginn 21. nóvember 1973)



Gömul jákvæð frétt frá Hrísey

Heita vatnið streymir í Hrísey.

Hríseyingar verða þeir næstu, hér á Norðurlandi, sem hita hús sín með laugarvatni. En það eru hin mestu hlunnindi að virkja laugar og hverir til upphitunar húsa á okkar kalda landi. Hríseyingar létu bora eftir heitu vatni norðan við Saltnes, fyrir nokkrum árum og varð árangur góður. Nú standa málin þannig að búið er að leggja stofnæð frá borholunni inn í kaupúnið og að húsunum. En eftir er að tengja og verður vinna við það hafin einhvern næsta dag og áætlað að helmingur hinna 80 íbúðarhúsa og vinnustaða verði aðnjótandi jarðhitans fyrir jóla. Sigurður Finnbogason fréttaritari blaðsins í Hrísey sagði eftirfarandi á mánudaginn, umfram það sem framan greinir: Sex ár munu liðin síðan fyrst var borað eftir heita vatninu. Í fyrravetur var svo endanlega gengið frá því að fóðra borholuna. Við höfum gamla og litla dælu og hún skilar 4-5 lítrum á sek. Hins vegar fáum við stærri dælu, sem á að gefa okkur það vatnsmagn sem við þurfum, eða 10 lítra á sekúndu. Vatn það, sem hér um ræðir er 67 gráðu heitt og vatnsmagnið um 16-18 sekúndulítrar. Getum við því mætt verulegri aukningu í þessu efni. Má því segja, að vel hafi tekist og er þetta nú mál málanna hér í Hrísey. Aðalæðin frá uppsprettu er plaströr frá Reykjalundi, en heim að húsunum eru notuð stálrör.

Bara jákvætt

Góðar gjafir til Hríseyjarkirkju

Á árinu hafa Hríseyjarkirkju verið færðar góðar gjafir, eins og svo oft áður. Gunnhildur Hjörleifsdóttir færði kirkjunni að gjöf altarisdúk og tvo dúka á ljósasúlur hannaða og unna af henni. Eru þeir gefnir til minningar um foreldra hennar þau Láru Baldvinsdóttur og Hjörleif Jóhannesson. Þessir dúkar voru teknir í notkun á sjómannadaginn í ár. Í október sl. sendi Gunnhildur svo kirkjunni ljósadúk og tvo dúka úr velúr, fjólubláan og rauðan til að hafa undir ljósadúknum. Þessir dúkar eru ætlaðir undir aðventukransinn. Sá fjólublái á aðventunni og sá rauði á jólunum. Dúka þessa hannaði Gunnhildur frá grunni og heklaði ljósadúkinn – stjarna í miðjunni og fimm hjörtu á hliðunum. Dúkarnir eru gefnir til minningar um son hennar Halldór Baldur Þorvaldsson f. 21.05.67 d. 21.05.87. Verða dúkarnir teknir í notkun fyrsta sunnudag í aðventu.

Þá viljum við einnig geta þess að kirkjan á skírmarkjól sem Sigríður Óskarsdóttir (Siggína) gaf kirkjunni á sjómannadaginn 2002. Voru þá liðin sextíu ár frá því að hún var skírð hér í kirkjunni. Skírmarkjóllinn er til afnota fyrir þá sem vilja.

Með þakklæti fyrir allar góðar gjafir fyrr og nú.

Sóknarnefnd

Fréttir úr skólastarfinu

Skólastarf í Hríseyjarskóla gengur vel hvort heldur er í grunnskóladeild eða leikskóladeild. Við látum niðurskurð og sparnað ekki skemma fyrir okkur heldur vinnum úr því sem við höfum og erum glöð með það.

Fyrstu önn skólaársins er lokið og nú hefjumst við handa við vetrarönn. Það má segja að skemmtilegir tímar séu framundan, því nú styttest í jólin og þá förum við að huga að ýmsu þeim tengdum. Í byrjun aðventu skreytum við gluggana með jólamyndum og kveikjum á jólaljósum. Jólaföndur foreldrafélagsins verður á sínum stað, fyrsta sunnudag í aðventu og litlu jól skólans verða 17. desember kl.14:00.

Eins og undanfarin ár þá erum við búin að velja okkur jólatré upp á ey og við stefnum að því að fara þann 15. desember og sækja það. Þeir sem vilja koma með okkur í þann leiðangur eru velkomnir.

Þá eru nemendur í eldri deild í óða önn að safna sér fyrir Danmerkurferð á komandi vori. Nemendur bjóða upp á snjómokstur gegn vægu gjaldi auk þess sem þeir munu ganga í hús á næstu dögum og bjóða til sölu jóla- og bökunarpappír.

Með kveðju

Starfsfólk Hríseyjarskóla.

Fréttir af starfsemi Ferðamálafélagsins

Margt var framkvæmt á síðasta ári og má segja að starfsemi félagsins hafi aukist um helming á milli ára. Grautardagarnir héldu áfram árið 2010 hafa komið allt að sextíu manns í graut í einu og er það von okkar að svo góð aðsókn verði áfram.

Nú í mars fengum við styrk frá Menningarráði Eyþings til að setja upp sögusýningu í húsi Hákarla Jörundar og er ætlunin að geta boðið upp á þessa sýningu í staðinn fyrir hefðbundna leiðsögn í gegn um húsið. Þetta verkefni er í vinnslu. Ráðnir voru tveir starfsmenn í þrjá mánuði í sumar til að sinna vagnferðum og safnvörslu í húsi Hákarla Jörundar. Metaðsókn var í vagnferðir á þessu ári en rétt tæplega tvö þúsund manns nýttu sér þessa afþreyingu eða 1.994 það sem af er árinu.

Í september var söfnunardagurinn haldinn í þriðja sinn og tókst hann í alla staði vel. Leikklúbburinn Krafla sá um sölu á kaffinu og rann allur ágóði beint til Kröflu eða um 90.000. kr sem kom sér vel eftir að Sæborg var keypt. Að þessu sinni var önnur innkoma dagsins rétt fyrir kostnaði og munum við því leggja það til að þannig verði þessi dagur hugsaður í framtíðinni. Vonandi er hann kominn til að vera og alltaf hægt að grípa til frekari aðgerða ef safna þarf fyrir mikilvægu málefni. Því reynslan sýnir okkur að það er svo sannarlega gott að eiga þetta bakland ef á bjátar. Inn á reikningnum eru til um 400.000.kr sem verða nýttar til að kaupa leiktæki á hátíðarsvæðið í samstarfi við Akureyrarbæ.

Íþróttaskóli fyrir börn

Í haust hófst í þriðja sinn íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 1- 5 ára. Undanfarin ár hafa námskeiðin gengið mjög og verið mjög vel sótt. Það er gaman að sjá áhuga barnanna á að koma í íþróttahúsið en þessi áhugi á vonandi eftir að skila sér í aukinni hreyfingu í framtíðinni. Námskeiðin eiga að þjálfa þol, styrk og hreyfifæri barnanna en efla auk þess félagshæfi. Við höfum byrjað á einföldum leikjum til að hita þátttakendur upp. Uppáhaldsleikurinn okkar er stórfiskaleikur og stóri björninn sefur. Þrautabrautin er alltaf vinsæl en þá spreyta börnin sig á ýmsum þrautum sem styrkja t.d. jafnvægi, liðleika, krafta og þor. Krakkarnir hafa mikið úthald og gætu verið miklu lengur að en þau fá tækifæri til. Við syngjum alltaf saman í lok tímans og fáum okkur svo „Íþróttanammi“ hressingu. Þessi haustönn heppnaðist mjög vel og er stefnt á að halda áfram í vor. Þið sem fáið börn í heimsókn á fimmtudögum eruð velkomin með þau í íþróttaskólann, bara að mæta fyrir klukkan 16:00 í íþróttagallanum. Allir velkomnir.

Berglind og Ingibjörg



Í lokin læt ég fylgja með ljóð og stutta smásögu eftir nemendur hér í skólanum.

Vinátta

**Ég treysti þér
Ég trúí á þig
við verðum alltaf saman
enginn slítur þig frá mér
enginn tekur mig frá þér.
Þú ert og munt alltaf vera
eini og besti vinur minn.**

Steinninn minn

Ég fór með bekkjafélögum mínum niðrí fjöru um daginn til að finna lífsteininn minn. Það var sól og gott veður og allir í góðu skapi. En þegar ég var búin að rölta um fjöruna í nokkrar mínútur og skoða marga steina sá ég stein sem var ekkert ólíkur í útliti en allir hinir steinarnir. Það var eins og hann kallaði á mig, það var mjög skrítið. Ég ákvað að taka hann upp og skoða hann. En þegar ég tók hann upp fann ég sérstaka orku frá honum. Mér brá. Síðan ákvað ég að taka hann heim og skoða hann betur. Þegar ég kom heim um kvöldið lagði ég hann á borðið við hliðina á rúminu mínu og fór að sofa. Næsta dag vaknaði ég hressari en ég hefði verið alla hina morgnana og

aldrei sofið jafn vel. Ég fór fram og sýndi þabba mínum steininn og gáði hvort að honum myndist steinninn eitthvað undarlegur. Ég rétti þabba steininn en hann fann ekki neitt, honum fannst hann bara vera alveg jafn venjulegur og allir aðrir steinar. Mér fannst það skrítið af því mér fannst hann ólíkur öllum öðrum steinum sem ég hafði haldið á. Ég var búin að horfa á sjónvarpið lengi þennan dag og mér fannst mig langa í eitthvað gott. Ég fór inn í herbergi með steininn í hendinni og þá lá súkkulaðistykki ofan á sænginni minni. Ég spurði þabba hvort að hann hefði sett það þangað en hann sagði nei. Ég hugsaði með mér að það gæti ekki verið að steinninn hefði galdrað súkkulaðið. En ég prófaði aftur að óska mér. Og allt sem ég óskaði mér rættist. Þetta var galdrasteinn. Ég vissi ekki að það væru til alvöru galdrasteinar í heiminum, ég hélt að þeir væru bara í bíómyndum og bókum. En steinninn kom sér vel fyrir mig, ég óskaði mér og óskaði og allt rættist.

Eflum atvinnu, verslum í heimabyggð.

Opið alla daga. Alltaf heitt á könnunni.

Eyjabúðin



Konfekt og piparkökur frá 1. desember.

Njótum aðventunnar

Verið velkomin

Sparisjóður Svarfdæla, Hrísey



Jóla jósa samkeppni

Úrslit í samkeppninni verða tilkynnt í búðinni 22. desember kl. 17.00

Kveikt á jólatré

Kveikt verður á jólatré miðvikudaginn 1. desember kl. 17.00. Heitt súkkulaði og smákökur í boði.

Handgerð kerti

Rósa Kára er með handgerð kerti til sölu og tekur á móti kertavaxi. Tilvalið í jólapakkann.

Gallerí Perla

Jólamarkaður verður í Perlu sunnudaginn 21. nóvember og sunnudaginn 5. desember kl. 14 - 17

Grunnskólinn

Jóla föndur í Grunnskólanum sunnudaginn 28. nóvember kl. 14:00
Litlu jólin 17. desember kl. 14:00

Viðburðir í nóvember og desember.

Hríseyjarkirkja

Aðventukvöld í Hríseyjarkirkju fyrsta sunnudag í aðventu 28. nóvember kl. 19.30

Laugardaginn 4. desember kl. 18.00 verður helgistund og kveikt á leiðalýsingunni í kirkjugarðinum.

Aðfangadagur jóla

Aftansöngur verður haldinn í Hríseyjarkirkju aðfangadag 24. des. kl. 18:00

Sóknarprestur

Litlu jólin hjá Eyfar

Föstudaginn 3. desember kl. 18:00 verða litlu jól Eyfars. Þau eru haldin í Íþróttamiðstöðinni sem einnig leggur til húsnæðið.

Jólapósturinn 23. desember

Tekið á móti jólapósti í Eyjabúðinni milli kl. 13:00 og 15:00

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtun verður haldin **annan dag jóla** í Íþróttamiðstöðinni og hefst **kl. 15:00**. Ýmislegt verður gert til skemmtunar og má eiga á von á að jólasveinar komi í heimsókn.

Ungmennafélagið Narfi og foreldrafélag grunnskólans.



Áramótaballið

Tímamótadansleikur verður í Sæborg um áramótin. Stormsveitin fagnar 20 ára afmæli. Takið kvöldið frá. Nánar auglýst síðar.

Ungmennafélagið Narfi.

Flugeldasala

Árleg flugeldasala Björgunarsveitarinnar verður 28.des – 31. desember í húsnæði sveitarinnar að **Ægisdötu 13**.

Afgreiðslutími verður auglýstur nánar í Eyjabúðinni.

Björgunarsveitin

Veitingahúsið Brekka

Kaffihlaðborð

Laugardaginn 4. desember kl 15:00-16:30

Jólabingó

14. desember. Barnabingó kl. 16:00

14. desember. Bingó kl. 20:30

Kósýkvöld og jólaglögg

Föstudaginn 17. desember kl. 21:00

Porláksmessa.

Skötuþlaðborð frá kl. 18:00

Athugið að panta fyrir 17. desember

Jólaopnun nánar auglýst síðar

Veitingahúsið Brekka

Áramótabrenna

Kveikt verður í áramótabrennu á gamlársdag kl. 17:00.